

L Ö G

17

25. jan.

um breyting á lögum nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 3. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Skuldabréfin eru þó eigi gildur gjaldeyrir fyrir rikissjóð eða rikisstofnanir, banka, sparisjóði, bæjar- eða sýslufélag til þess að greiða með skuldir sínar.

2. gr.

Á eftir 19. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi, og breytist greinatala laganna eftir því:

- a. (20. gr.) Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð, 4. nóv. 1887, er lántakanda rétt að veðsetja Kreppulánasjóði einu nafni tiltekna flokka búfjár sins, er hann á eða eignast kann, og gengur veð sjóðsins fyrir öllum síðari veðsetningum búfjár eða einstakra gripa. Sama gildir um veðsetning fódur- birgða, sem veðsali kann að eiga á hverjum tíma handa veðsettu búfé.

Heimilt er og að veðsetja Kreppulánasjóði í einu lagi öll búsgögn innan húss og utan, án sérstakrar sundurliðunar, og jafnt það, er veðsetjandi á þegar veðsetning fer fram, og það, er hann síðar kann að eignast.

- b. (21. gr.) Nú flytur veðsali í aðra þinghá eftir að skuldabréf hefir verið þinglesið, og heldur sjóðurinn þá veði sinu, þótt skuldabréfið sé eigi þinglesið á ný í þeirri þinghá, sem veðsali flutti í.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 25. janúar 1934.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Þorsteinn Briem.